



BYGGÐASTOFNUN

STARFS- OG REKSTRARÁÆTLUN 2022

Samþykkt á fundi stjórnar 17. desember 2021



Efnisyfirlit

SAMANTEKT	3
INNGANGUR	6
1. REKSTUR BYGGÐASTOFNUNAR	8
1.1 Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2022	8
1.2 Rekstraráætlun 2022	9
1.3 Starfsþróun, upplýsingakerfi og innri verkefni	10
1.3.1 Aukin þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna	10
1.3.2 Græn skref í ríkisrekstri	10
1.3.3 Rafræn lánaumsýsla	10
1.3.4 Stjórnarsýsla póstmála	10
2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU	11
2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	11
2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015	11
2.3 Inngangur	12
2.3.1 Stefnumótandi byggðaáætlun.....	12
2.3.2 Sóknaráætlanir	13
2.3.3 Sveitarfélög og samtök þeirra	13
2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2022	13
2.4.1 Byggðaáætlun 2022-2036 - aðgerðaáætlun 2022-2026 (þingslályktunartillaga bíður afgreiðslu á Alþingi).....	13
2.4.2 Sóknaráætlanir landshluta	15
3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR	17
3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	17
3.2 Stöðugreining	17
3.2.1 COVID19	17
3.2.2 Landbúnaður	18
3.2.3 Ferðaþjónusta.....	19
3.2.4 Sjávarútvegur	19
3.2.5 Fiskeldi.....	19
3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2022	20
3.3.1 Kynningafundir á fjármögnunarstarfsemi í landsbyggðunum og heimsóknir til viðskiptavina	21
3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni	22
3.3.3 Efling áthugasýnfesta	22
4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN	23
4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	23

4.2 Inngangur	23
4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar	23
4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög	25
4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar	26
4.2.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	26
4.2.6 Annar stuðningur við byggðaþróun.....	27
4.3 Verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar á árinu 2022	28
4.3.1 Stuðningur við atvinnu- og byggðaþróunar	28
4.3.2 Brothættar byggðir.....	28
4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar	28
4.3.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	28
4.3.6 Annar stuðningur við byggðaþróun.....	29
5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA	30
5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	30
5.2 Inngangur	30
5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	31
5.2.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál.....	31
5.2.3 Mælaborð um byggðatengdar upplýsingar	32
5.2.4 Byggðarannsóknir og stuðningur við rannsóknir og stefnumótun.....	32
5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2022	33
5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	33
5.3.2 Mat á byggðaáhrifum frumvarps til fjárlaga og áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál.....	33
5.3.3 Mælaborð, þjónustukortið og byggðavísitala	33
5.3.4 Byggðarannsóknir, stuðningur við rannsóknir og stefnumótun	34
5.3.5 Samfélagsmiðlun	34
5.3.6 Umhverfis- og loftslagsmál.....	35
6. STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR	36
6.1 Efni á dagskrá stjórnarfunda	36

SAMANTEKT

Helstu verkefni sem unnið verður að á vegum Byggðastofnunar á árinu 2022:

1. Aukin þekkingaröflun (1.3.1)

Lögð verður áhersla á starfsþróun og er það markmiði sett að allir starfsmenn stofnunarinnar sæki sér a.m.k. eitt námskeið á ári sem stofnunin styrki að öllu leyti eða að hluta

2. Græn skref í ríkisrekstri (1.3.2)

Grænum skrefum í ríkisrekstri verður viðhaldið á árinu.

3. Rafræn lánaumsýsla (1.3.3)

Undirbúningur hafinn á að gera lánaumsýslu stofnunarinnar rafræna. Áfram unnið að fjölgun umsóknaforma í umsóknargátt.

4. Stjórnsýsla póstmála (1.3.4)

Stjórnsýsla póstmála skv. lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 var flutt til Byggðastofnunar með lagabreytingu í júní 2021.

5. Byggðaáætlun 2022-2036 – aðgerðaáætlun 2022-2026 (2.4.1)

Þingsályktunin felur í sér fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2022-2026. Þar eru settar fram 44 aðgerðir. Margar þeirra eru framhald aðgerða fyrri áætlunar en aðrar eru nýjar og afrakstur þess mikla samráðs sem átti sér stað í aðdraganda tillögunnar. Byggðastofnun er framkvæmdaaðili 11 aðgerða: A.6 Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði. A.10 Almenningsþingur milli byggða. A.16 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis. Skilgreint lágmarksþjónustustig fyrir dreifbýli þar sem kostnaðarsamt getur þótt að veita þjónustuna. A.17 Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar. B.5 Greining atvinnusóknar. B.8 Fjarvinnslustöðvar. C.1 Sértek verkefni sóknaráætlana. C.2 Brothættar byggðir. C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi. Að auki er Byggðastofnun samstarfsaðili í 10 aðgerðum.

6. Sóknaráætlanir (2.3.2, 2.4.2)

Byggðastofnun annast umsýslu sóknaráætlanasamninga við landshlutsamtökin og vinnur með stýrihópi Stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmda verkefnisins. Á árinu verður aðferðafræði verkefnisins eflað og þróuð. Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlun frá 2015 festa í sessi verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana.

7. Kynningafundir á fjármögnunarstarfsemi í landsbyggðunum og heimsóknir til viðskiptavina (3.3.1)

Kynningafundir á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar í landsbyggðunum hafa nú skipað sér fastan sess í starfsemi stofnunarinnar og verður viðhaldið. Auk þess verður á árinu leitast eftir samstarfi við HMS með það að markmiði að setja upp sameiginlega kynningarfundir þar sem Byggðastofnun kynnir lánveitingar til fyrirtækja og HMS til einstaklinga.

8. Stuðningur við atvinnuþróun (4.3.1)

Stuðningur við atvinnuráðgjöfina verður í samræmi við samninga og fjárveitingar á fjárlögum. Á árinu verður unnið að gerð nýrra samninga við landshlutasamtökin um atvinnu- og byggðapróun, núgildandi samningar renna út í árslok 2022. Markmið samninga er að skapa grundvöll um samstarf í byggðapróunarverkefnum í samræmi við byggðastefnu Alþingis með áherslu á búsetuskilyrði,

samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf. Samantekt verður gerð með hliðsjón af markmiðum samninga og lagt mat á hvort þeim hafi verið náð og með hvaða hætti. Lagt er upp með að framlag til atvinnuráðgjafar verði 206,3 m.kr. á árinu.

9. Brothættar byggðir (4.3.2)

Með stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2018-2024 var Byggðastofnun falið að halda áfram með verkefnið Brothættar byggðir. Á árinu 2022 verður aðferðafræði verkefnis efld og þróuð. Verkefnið mun ná til sjö byggðarlaga á árinu; Grímseyjar, Árneshrepps, Þingeyrar og dreifbýlis við Dýrafjörð, Borgarfjarðar eystri, Bakkafjarðar, Strandabyggðar og Stöðvarfjarðar.

10. Aflamark Byggðastofnunar (4.3.3)

Umsýsla með tólf samningum sem eru í gildi í ellefu byggðarlögum.

11. Flutningsjöfnun (4.3.4)

Flutningsjafnanir olíuvara annars vegar og framleiðsluvara hins vegar hafa nú verið sameinuð undir ein lög nr. 160/2011.

Nýr starfsmaður fyrirtækjasviðs sem mun annast eftirlit með póstmálum mun jafnframt sinna hlutverki stofnunarinnar í flutningsjöfnun skv. þessum lögum.

12. Efling átthagafjársfesta (3.3.3)

Stofnunin á hlutafé í eignarhaldsfélögum víða um land. Nú er svo viðkomið að staða þessara félaga er misjöfn. Þannig liggur töluvert af lausu fé í sumum þeirra á meðan nánast ekkert er af lausu fé í öðrum. Þetta gerir það að verkum að sum félög geta ekki sinnt sínu hlutverki lengur og tekið þátt í nýjum verkefnum.

Lagt er upp með að á árinu verði kannaðir möguleikar á að efla getu félaganna með nýju hlutafé í átthagafjársfestum í landsbyggðunum til eflingar atvinnulífs.

13. Annar stuðningur við byggðapróun (4.3.6)

Byggðastofnun mun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Icelandair um veitingu Eyrarrósarinnar sem verður næst veitt 2023. Handahafi Eyrarrósarinnar 2021 tekur þátt í Listahátíð Reykjavíkur 2022. Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

14. Úttektir og greiningar (5.3.1)

Stofnunin mun vinna tölfræðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda, orkukostnað, afkomu fyrirtækja og atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Einstakir kaflar stöðugreiningar landsins verða uppfærðir eftir því sem tilefni gefst en unnið er að því að setja upplýsingar að mestu fram í mælaborðum. Unnin verður skýrsla um staðsetningu og fjölda starfa á vegum ríkisins og stofnana þess miðað við áramót 2021/2022. Mælaborð um húsnæði fyrir störf óháð staðsetningar verður uppfært reglulega. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

15. Greining á byggðáhrifum frumvarps til fjárlaga, umsagnir um þingmál (5.3.2)

Unnin verður greining á frumvarpi til fjárlaga með tilliti til byggðaáhrifa. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni gefst til. Unnið verður mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna verði eftir því óskað.

16. Mælaborð, þjónustukort og byggðavísitala (5.3.3)

Haldið verður áfram að byggja upp og þróa mælaborð og vinna úr tölfræðilegum upplýsingum á sviði byggðamála. Með Tableau er hægt að birta mikið magn tölulegra upplýsinga með einföldum og myndrænum hætti með því að setja gögn upp í gröf, töflur og kort. Haldið verður áfram samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landmælingar, Hagfræðistofnun HÍ og fleiri aðila um gagnaöflun og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga. Unnið verður að þróun byggðavísitölu eða svæðavísitölu (rural index) m.a. að norski fyrirmynd. Norska vísitalan er samsett af nokkrum mælikvörðum m.a. fjarlægðar til vinnu og þjónustu, fyrirtækjapöttleika og atvinnuþátttöku og íbúapróun. Haldið verður áfram að uppfæra þjónustukortið og kortagögn.

17. Byggðarannsóknir og stuðningur við rannsóknir og stefnumótun (5.3.4)

Framkvæmd verður þjónustukönnun til að skoða þjónustusókn íbúa í öllum landshlutum. Unnið verður að rannsókn um áhrif náttúruhamfara á búsetu í samvinnu við Austurbrú.

Veittir verða styrkir úr Byggðarannsóknarsjóði á ársfundi stofnunarinnar vorið 2022. Auglýstir verða styrkir til meistaránema vegna verkefna sem tengjast byggðamálum. Byrjað verður að undirbúa næstu Byggðaráráðstefnu.

18. Samfélagsmiðlun (5.3.5)

Haldið verður áfram að efla samtalið við almenning, fjölmiðla, kjörna fulltrúa, embættisfólk og annað áhugafólk um málefni landsbyggðanna. Markmið og megináherslur með þátttöku Byggðastofnunar á samfélagsmiðlum er að upplýsa um hlutverk, tilgang og störf stofnunarinnar og stuðla að auknu upplýsingaflæði til almennings. Hvetja til og taka þátt í umræðu um byggðamál og stuðla að markaðssetningu landsbyggðanna hvort sem er til búsetu eða atvinnu.

19. Umhverfis- og loftslagsmál (5.3.6)

Lögð verðu áhersla á þátttöku Byggðastofnunar í víðtæku samstarfi að framtíðarsýn fyrir Ísland sem einkennist af sjálfbærni, jöfnum tækifærum og samstarfi um verkefni sem nýta snjallar og grænar lausnir til að efla atvinnulíf og samfélag s.s. við samstarfsteymi sem stofnuð verða til í tengslum við aðgerð C.3 Grænt og snjallt Ísland (GOS) og C.9 Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar.

INNGANGUR

Í starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2022 er auk áætlunar um rekstur lýst fjölbreyttum verkefnum sem tengjast verksviði stofnunarinnar og hinum ýmsum sviðum byggðamála. Áætlunin skiptist í sex megin hluta. Fremst er áætlun um rekstur, því næst yfirlit yfir verkefni er lúta að mótun byggðastefnu, þá er kafli um útlánastarfsemina, svo um stuðning við byggðaþróun, kafli um verkefni er lúta að öflun og miðlun upplýsinga á verkefnasviði Byggðastofnunar og að lokum kafli um starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar. Byggðamál hafa verið skilgreind á þann veg að þau séu öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem og lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti og ná til landsins alls. Samhæfing byggðaáætlunar og annarra opinberrar stefnumótunar er lykilþáttur í því að markmið í byggðamálum náist og því í sambandi er mikilvægt að allar áætlanir hins opinbera séu rýndar út frá byggðasjónarmiðum ekki síður en kynjasjónarmiðum til að tryggja jafnræði. Vinna þarf hugtakinu „jákvæð mismunum“ svipaðan sess í opinberri umræðu um byggðamál eins og hugtakið hefur áunnið sér í jafnréttisumræðunni.

Núgildandi byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi vorið 2018. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2015 skal ráðherra eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára í senn og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Áætlunin inniheldur aðgerðaáætlun til fimm ára í senn sem á að stuðla því að þessi markmið náist.

Undirbúningur að endurskoðun byggðaáætlunar hófst í júní 2020 og fór fram í víðtæku samráði haghafa um land allt. Byggðastofnun tók virkan þátt í vinnu við endurskoðun áætlunarinnar, en ráðherra dreifði tillögu til þingsályktunar um nýja byggðaáætlun á Alþingi í júní 2021 og bíður hún umræðu. Í áætluninni eru 44 beinar aðgerðatillögur sem allar hafa skilgreint ábyrgðarráðuneyti og hafa öll ráðuneyti Stjórnarráðsins hlutverk í áætluninni. Byggðastofnun er skráð sem framkvæmdaraðili 11 aðgerða og samstarfsaðili í 10 aðgerðum til viðbótar. Því er ljóst að byggðaáætlun mun áfram mynda uppistöðuna í verkefnastofni Byggðastofnunar.

Þann 28. nóvember 2021 var kynntur stjórnarsáttmáli annars ráðuneytis Katrínar Jakobsdóttur. Í honum eru að finna fjölbætt áform um bætt búsetuskilyrði og jöfnun tækifæra allra landsmanna. Áhersla er lögð á eflingu grunnþjónustu og mikilvægra innviða á sviði samgangna og raforkuflutninga. Einnig verður stutt við stöðuga uppbyggingu húsnæðis um land allt og lokið endurskoðun laga og reglna um eignarráð og nýtingu lands svo dæmi séu tekin. Markvisst verður unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðaþróun og auðvelda skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi. Allt eru þetta áherslur sem endurspeglast í byggðaáætlun.

Fjölmargir ytri og innri þættir hafa einnig áhrif á viðfangsefni Byggðastofnunar hverju sinni. Heimsfaraldur Covid-19 kom upp á árinu 2020 og hafði mikil áhrif á verkefni og rekstrarumhverfi Byggðastofnunar allt árið 2021. Nú er ljóst að þeirra áhrifa mun einnig gæta á árinu 2022.

Ferðapjónusta hefur verið ein helsta, ef ekki helsta vaxtargrein í atvinnulífi landsbyggðanna undanfarin misseri. Tekjubrestur í ferðapjónustu hafði þær afleiðingar að langflestir úr hópi viðskiptavina í greininni þurftu á skuldbreytingum að halda og eimir enn eftir af því. Þessu fylgir mikil vinna og álag á fjárhag stofnunarinnar. Þá er líklegt að á næstunni þurfi að fara í afskriftir eða skuldaaðlögun hjá einhverjum hluta fyrirtækja í ferðapjónustu og tengdum greinum ef áhrif faraldursins dragast á langinn. Fjárhagur stofnunarinnar er á hinn bóginn traustur og hún er því ágætlega í stakk búin til að mæta tímabundnum áföllum sem hún kann að verða fyrir. Þó rekstur Byggðastofnunar hafi gengið vel mörg undanfarin ár er þess ekki að vænta að rekstur hennar skili árvissum hagnaði og stofnunin er mjög viðkvæm fyrir sveiflum í gengi gjaldmiðla og ytri aðstæðum í atvinnulífi landsbyggðanna sem henni er ætlað að þjóna.

Í október 2020 kynnti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ákvörðun um tilfærslu stjórnsýslu póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar og kom hún til framkvæmda þann 1. júlí 2021. Umfang verkefnisins er ekki enn full ljóst, en ráðnir hafa verið 2 sérfræðingar til að sinna því.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt árið 2015 og snúast í grunninn um sjálfbæra þróun. Þar koma m.a. fram markmið um aðgengi að menntun, um sjálfbæra orku, góða atvinnu og hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu auk þess sem fleira mætti telja. Þessi markmið endurspeglast í ýmsum verkefnum byggðaáætlunar og þar með Byggðastofnunar. Á sama hátt vex stöðugt áhersla á umhverfismál og þess má einnig sjá ýmis merki í starfsáætluninni.

Byggðaáætlun, fjárlög og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar leggja línur um starfsemi Byggðastofnunar á hverjum tíma. Auk þess er jafnan unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði byggðamála eftir því sem tilefni gefast til, ýmist að frumkvæði ráðherra eða stofnunarinnar sjálfar. Sveigjanleiki er mikilvægur í starfsemi og þarf hún að geta brugðist við breyttum aðstæðum í takt við ytri aðstæður og áherslur stjórnvalda hverju sinni. Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar er mikilvægasta stjórnækið í daglegu starfi stofnunarinnar. Reglubundið er fylgst með framgangi áætlunarinnar og stjórn Byggðastofnunar gert grein fyrir framvindu hennar.

1. REKSTUR BYGGÐASTOFNUNAR

1.1 Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2022

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 skal stjórn ákveða starfsáætlun, rekstraráætlun, og útlánaáætlun til eins árs í senn að fenginni tillögu forstjóra. Skal áætlunin kynnt ráðherra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjasviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs, forstjóra og stjórnar, á móti þróunarsviði. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2022 verður framlag til reksturs Byggðastofnunar 2022 419,0 m.kr. þar ef eru rekstrarframlög tengd stjórnarsýslu póstmála 40,0 m.kr. og hefðbundið framlag 379,0 m.kr. sem er 0,5% lækkun frá Fjárlögum 2021 þegar framlagið var 380,9 m.kr.

Fjárveiting til Byggðastofnunar skiptist þannig að til almenns rekstrar Byggðastofnunar renna alls 172,7 m.kr. (173,6 m.kr. 2021) og til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni renna 206,3 m.kr. (207,3 m.kr. 2021).

Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. færist varanlega frá Fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar vegna breytinga á lögum þar sem kveðið er á um flutning póstmála til Byggðastofnunar. Áætlað er að verkefnið krefjist fulls vinnuframlags a.m.k. tveggja starfsmanna, auk utanumhalds, stjórnunarkostnað o.fl. Fyrir liggur að þau gjöld sem innheimta skal vegna verkefna póstmála eiga að renna í ríkissjóð á grundvelli laga um opinber fjármál og ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til Byggðastofnunar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af slíkum gjöldum. Samkvæmt tekjuáætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir um 30 m.kr. Að auki eru millifærðar að þessu sinni 10 m.kr. til að mæta flutningi póstmálanna til Byggðastofnunar.

Gert er ráð fyrir 3,0 ma.kr. lántökuheimild Byggðastofnunar í fjárlagafrumvarpinu og 3,0 ma.kr. í nýjar lánveitingar. Nýjar lánveitingar voru 1. desember komnar í 3,6 ma.kr. og samþykkt ógreidd lánsloforð námu á sama tíma 2,5 ma.kr.

Í lok september 2021 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar 18,19%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eiginfjárgrunn fjármála fyrirtækja sem í dag er 8%. Skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands féll niður krafa um að stofnunin viðhaldi sveiflujöfnunarauka til að bregðast við áhrifum COVID19. Er stofnuninni því einungis skylt að viðhalda 2,5% verndunarauka. Ákvörðun hefur þó verið tekin um að 2,0% sveiflujöfnunarauki bætist við eiginfjárkröfuna 29. september 2022 þannig að frá þeim degi ber stofnuninni að viðhalda 12,50% eiginfjárlutfalli.

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17	1.1.18	15.5.19	1.2.20	19.3.20	29.9.22
Sveiflujöfnunarauki	-	-	1,00%	1,25%	1,25%	1,75%	2,00%	0,00%	2,00%
Verndunarauki	1,00%	1,75%	1,75%	1,75%	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	1,00%	1,75%	2,75%	3,00%	3,75%	4,25%	4,50%	2,50%	4,50%

Starfsmenn stofnunarinnar í október 2021 voru 24. Einn starfsmaður mun hefja störf í byrjun 2022 á þróunarsviði. Á árinu 2021 voru tveir starfsmenn ráðnir til að sinna stjórnarsýslu póstmála en fjórir starfsmenn létu af störfum hjá stofnuninni. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði tveir sérfræðingar á árinu.

1.2 Rekstraráætlun 2022

Rekstrarreikningur þ.kr.	Rekstur 2020	Áætlun 2021	Horfur 2021	Áætlun 2022
Tekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur	1.327.669	1.400.000	1.500.000	1.500.000
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	385.300	380.900	380.900	419.000
Gengismunur	-811	0	-15.000	0
Aðrar rekstrartekjur	76.699	70.000	50.000	75.000
Framlag vegna Brothættra byggða	181.821	100.000	130.000	120.000
Tekjur samtals	1.970.678	1.950.900	2.045.900	2.114.000
Gjöld				
Vaxtagjöld	805.812	780.000	900.000	800.000
Laun og launatengd gjöld	375.108	400.000	360.000	415.000
Almennur rekstrarkostnaður	132.716	175.000	130.000	185.000
Rekstur fullnustueigna	32.314	10.000	1.000	10.000
Framlög til atvinnuþróunarfélaga	209.600	207.300	207.300	206.300
Veittir aðrir styrkir	6.800	10.000	10.000	10.000
Veittir styrkir v Brothættra byggða	158.133	90.000	120.000	120.000
Framlag í afskriftarreikning útlána	245.487	250.000	100.000	290.000
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna	1.350	0	0	0
Endurmat fullnustueigna	51.341	10.000	10.000	10.000
Breyting á hlutafé	-145	0	0	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	13.973	15.000	20.000	20.000
Gjöld samtals	2.032.489	1.947.300	1.858.300	2.066.300
Hagnaður ársins	-61.811	3.600	187.600	47.700
Sjóðstreymisáætlun þkr				
Hagnaður ársins	-61.811	3.600	187.600	47.700
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	416.478	260.000	75.000	372.677
Breytingar á rekstrartengdum eignum	13.973	15.000	20.000	15.000
Handbært fé frá rekstri	368.640	278.600	282.600	435.377
Fjárfestingarhreyfingar				
Afborganir útlána	558.397	1.100.000	2.500.000	1.300.000
Veitt ný lán	-3.369.115	-3.000.000	-4.000.000	-3.000.000
Innleystar eignir	273.920	0	118.000	0
Hlutabréf	215.366	0	0	50.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	-436.281	-15.000	-15.000	-5.000
Viðskiptakröfur	-97.889	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-2.855.602	-1.915.000	-1.397.000	-1.655.000
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiðslur af lántökum	-2.213.885	-1.600.000	-1.600.000	-1.610.000
Nýjar lántökur	5.294.752	3.000.000	2.500.000	4.000.000
Aðrar skuldir og óráðstöfuð framlög	96.823	-20.000	-20.000	-20.000
Fjármögnunarhreyfingar samtals	3.177.690	1.380.000	880.000	2.370.000

Breytingar á handbæru fé	690.728	-256.400	-234.400	1.150.377
Handbært fé í ársbyrjun	474.679	1.060.744	1.165.407	931.007
Handbært fé í árslok	1.165.407	804.344	931.007	2.081.384

1.3 Starfsþróun, upplýsingakerfi og innri verkefni

1.3.1 Aukin þekkingaröflun og endurmenntun starfsmanna

Nauðsynlegt er að ýta undir þekkingaröflun og endurmenntun starfamanna stofnunarinnar en mjög misjafnt hefur verið undanfarin ár hversu duglegt fólk er að sækja sér endurmenntun eða auka við þekkingu sína. Lögð verður áhersla á starfsþróun og er það markmiði sett að allir starfsmenn stofnunarinnar sækji sér a.m.k. eitt námskeið á ári sem stofnunin styrki að öllu leyti eða að hluta.

Áætlað umfang 2022 1 mannmánuður

1.3.2 Græn skref í ríkisrekstri

Á árinu verður Grænum skrefum viðhaldið og sinnir umhverfisnefnd Byggðastofnunar því verki.

Áætlað umfang 2022 1 mannmánuður

1.3.3 Rafræn lánaumsýsla

Farið verður í að undirbúa og innleiða rafræna lánaumsýslu stofnunarinnar, þ.e. rafrænar undirskriftir lánaskjala, rafrænar þinglýsingar og rafræn skráning lána í bókhaldi og lánakerfi. Um 2-3 ára verkefni er að ræða og verða fyrstu skrefin í verkefninu stigin á árinu. Áfram verður unnið að því að fjölga umsóknum sem tengjast lánþjónustu í umsóknarkerfi.

Áætlað umfang 2022 1 mannmánuður

1.3.4 Stjórnsýsla póstmála

Stjórnsýsla póstmála skv. lögum um pósthjónustu nr. 98/2019 var flutt til Byggðastofnunar með lagabreytingu í júní 2021. Ráðnir hafa verið tveir starfsmenn til að sinna verkefninu. Umfang þess er ekki að öllu leyti ljóst nú.

2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU

2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 31. desember 2020. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ákvað að framlengja gildistímann um eitt ár, eða fram til 31. desember 2021. Nýtt byggðakort tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til ársins 2027.

2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015

2. gr. a. Byggðamálaráð.

Ráðherra skipar byggðamálaráð sem gerir tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra, sbr. 3. gr. Í byggðamálaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra og skal annar þeirra vera formaður, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, forstjóri Byggðastofnunar og fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með byggðamál. Skipunartími ráðsins takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

3. gr. Byggðaáætlun.

Ráðherra leggur á að minnsta kosti þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára í senn.

Eins og fram kemur í inngangi skal áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólkhækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Í byggðaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Skal þar m.a. gert grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir. Áður en aðgerðaáætlun er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til byggðamálaráðs.

2.3 Inngangur

Markviss og árangursrík byggðastefna tekur mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga, margbreytileika byggðarlaga og ólíkum aðstæðum einstakra landsvæða. Í því sambandi er mikilvægt að efla frumkvæði heimamanna og ábyrgð þeirra á eigin samfélagi. Þannig getur markviss flutningur verkefna til sveitarfélaga frá ríki unnið gegn tilhneigingu þess til að þjappa opinberri þjónustu saman, stuðlað að því að opinbert fé sé nýtt sem best í samræmi við aðstæður á hverjum stað og að valddreifingu.

Með lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er lagt upp með það markmið að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, en jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Settur er á laggirnar stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum.

Byggðamál heyra undir innviðaráðherra. Ný byggðaáætlun bíður nú umræðu á Alþingi.

2.3.1 Stefnumótandi byggðaáætlun

Núgildandi þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun nr. 24/2018 fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2018. Meginmarkmið byggðaáætlunar er eins og fram kemur í lögum, að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólkfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 ber ráðherra að leggja á a.m.k. þriggja ára fresti fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára ásamt aðgerðaáætlun til fimm ára. Vinna við endurskoðunina hófst um mitt ár 2020, fyrst með stöðumati og útgáfu svokallaðrar grænbókar um byggðamál og síðan drögum að endurskoðaðri áætlun í formi hvítbókar. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun 2022-2026 var svo samþykkt í ríkisstjórn 4. júní 2021 og í kjölfarið hjá stjórnarflokkunum þremur. Þingsályktunartillaga var lögð fram á Alþingi 6. júlí án þess að mælt væri fyrir henni þar sem þingi var frestað frá sama tíma. Áherslur og margar aðgerðir eru framhald af núgildandi áætlun en tiltölega stutt frá samþykkt hennar. Við undirbúning tillögunnar var sérstaklega horft til jafnréttis- og kynjasjónarmiða og einnig til samspils dreifbýlis og þéttbýlis til uppbyggingar sjálfbærra samfélaga um land allt.

Til þess að ná fram markmiðum áætlunarinnar eru settar fram 46 áherslur sem margar, en ekki allar, leiða til aðgerða en sumar fleiri en einnar. Aðrar áherslur eru til samþættingar við aðrar opinberar áætlanir. Í áætluninni eru 44 beinar aðgerðatillögur sem allar hafa skilgreint ábyrgðarráðuneyti og hafa öll ráðuneyti Stjórnarráðsins hlutverk í áætluninni. Byggðastofnun er skráð sem framkvæmdaraðili 11 aðgerða og samstarfsaðili í 10 aðgerðum til viðbótar. Í tillögu til þingsályktunar er þátttaka í alþjóðlegu samstarfi skilgreind sem aðgerð en er áhersla í núgildandi byggðaáætlun.

Þar sem áætlunin bíður umfjöllunar nýkjörins þings og einnig vegna breytinga á skipan verkefna ráðuneyta innan Stjórnarráðsins, má reikna með því að einhver endurskoðun fari fram á þeirri tillögu sem fyrir liggur áður en hún öðlast gildi.

2.3.2 Sóknaráætlanir

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til allra átta starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim á að koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Jafnframt skal þar mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og eftir atvikum annarri opinberri stefnumótun. Þann 12. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga nýja samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024.

Byggðastofnun gegnir margþættu hlutverki hvað varðar sóknaráætlanir. Stofnunin vinnur með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál sem hefur það hlutverk að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Verkefnisstjóri stýrihópsins er starfsmaður Byggðastofnunar, stofnunin annast umsýslu og metur framvindu sóknaráætlana. Að auki vinnur Byggðastofnun greiningar sem settar eru fram í mælaborðum og þróa mælikvarða til að meta árangur sóknaráætlana einstakra landshluta.

2.3.3 Sveitarfélög og samtök þeirra

Efling sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra er mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð og stuðla að jákvæðri byggðapróun um allt land. Aðstæður eru afar ólíkar í mismunandi sveitarfélögum og byggðarlögum innan þeirra og mikilvægt að opinbert fé sé nýtt í samræmi við aðstæður á hverjum stað.

Mörg atvinnu- og þjónustusvæði er að finna innan sumra sveitarfélaga og getur það skapað ýmis vandamál við skipulag opinberrar þjónustu. Landshlutasamtökin gegna lykilhlutverki í því að samræma starfsemi innan einstakra landshluta gagnvart ríkisvaldinu en jafnframt er mikilvægt að samræma aðkomu ríkisins að verkefnum sem snerta málaflokka margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ýmis verkefni ganga jafnframt þvert á landshluta og má þar til dæmis nefna málefni byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda sem snerta fleiri en einn landshluta.

Samstarf Byggðastofnunar við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra um stefnumótun er margþætt. Svo sem fjallað er um í kafla 2.3.2 vinnur Byggðastofnun greiningar fyrir einstaka landshluta og vinnur að þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana landshlutanna. Byggðastofnun mun leggja áherslu á samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi stefnumótun og áætlanagerð. Stofnunin hefur ennfremur samstarf við sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar eins og nánar er fjallað um í 4. kafla. Loks safnar stofnunin og miðlar ýmsum upplýsingum sem snerta sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti, sem nánar er fjallað um í fimmta kafla.

2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2022

2.4.1 Byggðaáætlun 2022-2036 - aðgerðaáætlun 2022-2026 (þingslályktunartillaga bíður afgreiðslu á Alþingi).

Byggðastofnun er framkvæmdaaðili eftirtalinna aðgerða í byggðaáætlun sem unnið verður að á árinu 2022:

A.6. Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði

- Skoðað verður hvort fjölga megi sérfæðingum á heilbrigðissviði í landsbyggðunum með því að nýta ákvæði í lögum um menntasjóð námsmanna nr. 60/2020. Í 28. gr. laganna er kveðið á um sérstaka ívilnun vegna námsgreina og sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.

A.9. Verslun í strjálbýli

- Áfram verður stutt við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Auglýst verður eftir styrkumsóknum á árinu. Byggðastofnun annast umsýslu verkefnisins fyrir hönd ráðuneytis.

A.10. Almenningsamgöngur milli byggða

- Haldið verður áfram að greina kerfi almenningsamgangna milli byggða þ.m.t. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningsamgöngur. Auglýst verður eftir styrkumsóknum á árinu. Byggðastofnun annast umsýslu verkefnisins fyrir hönd ráðuneytis.

A.16. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis

- Unnin hafa verið drög að skilgreiningu aðgengis að opinberri grunnþjónustu. Einnig verður skilgreint lágmarksþjónustustig opinberrar grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum.

A.17. Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar

- Greindur verður heildarkostnaður vegna þjónustusókn þ.m.t. ferða- og upphaldskostnaður, vinnutap og annar samfélagslegur kostnaður sem til fellur, hjá mismunandi samfélagshópum við að sækja tiltekna opinbera þjónustu um lengri veg.

B.5. Greining atvinnusóknar

- Ferðaleiðir verða skilgreindar vegna atvinnusóknar. Skilgreint verði staðfang vinnustaðar og tíðni ferða á milli heimilis og vinnustaðar.

B.8. Fjarvinnslustöðvar

- Áfram verður boðið uppá styrki til að stuðla að jafnari dreifingu ríkisstarfa með því að hvetja stofnanir til að ráðast í verkefni sem unnin eru utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar. Byggðastofnun annast umsýslu verkefnisins fyrir hönd ráðuneytisins.

C.1. Stuðla að sjálfbærni byggða um land allt

- Samkeppnisjóður sem landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um framlög vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutans í heild. Byggðastofnun fer með umsýslu sjóðsins fyrir hönd ráðuneytisins.

C.2. Brothætt byggðarlög

- Nánar er fjallað um verkefnið í kafla 4.2.2 og 4.3.2

C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

- Haldið verður áfram samstarfi opinberra stofnana, sérstaklega Hagstofu Íslands og háskóla, um að byggja upp tölfraeðilegan gagnagrunn á sviði byggðamála. Gögn sem þegar eru komin í grunninn verða uppfærð en jafnframt unnið að nýjum verkefnum. Sjá nánar í kafla 5.3.1 og 5.3.3.

C.14. Virk þátttaka í alþjóðasamstarfi

- Þekkingargrundvöllur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verður styrktur með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi svo sem undir merkjum Norðurslóðaáætlunarinnar (NPA), Norræna Atlantssamstarfsins (NORA), Nordregio og ESPON þekkingar- og hugmyndafræðilegur grundvöllur þannig styrktur og efldur. Frá 1. janúar 2022 tekur Byggðastofnun við hlutverki landstengiliðar fyrir ESPON af Háskólanum á Akureyri.

Áætlað umfang 2022:

Endurskoðun byggðaáætlun.....	1 mannmánuður
Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði	2 mannmánuðir
Verslun í strjálbýli	0,5 mannmánuður
Almenningssamgöngur	1 mannmánuður
Opinber og jöfnun aðgengis	2 mannmánuðir
Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar.....	2 mannmánuðir
Greining atvinnusóknar	2 mannmánuðir
Fjarvinnslustöðvar	0,5 mannmánuður
Sértæk verkefni sóknaráætlunar	1 mannmánuður
Brothættar byggðir.....	18 mannmánuðir
Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála	33 mannmánuðir
Virka þátttaka í alþjóðasamstarfi	
• NPA umsjón	5 mannmánuðir
• NORA umsjón	3 mannmánuðir
• ESPON umsjón.....	3 mannmánuðir
• Nordregio	2 mannmánuðir
• Women making waves	1 mannmánuður

2.4.2 Sóknaráætlanir landshluta

Á árinu 2022 mun Byggðastofnun áfram annast umsýslu og vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Vinna að greiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og fara yfir skilgreiningar frá landshlutasamtökunum vegna framkvæmdar samninga og veita umsögn um hvort skilyrði einstakra samninga séu uppfyllt.

Áætlað umfang 2022:

Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar 2022

Starfsmaður sóknaráætlana: 5 mannmánuðir

Vinna með stýrihópi 1 mannmánuður

3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR

3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

Úr 2. gr. Hlutverk

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

3.2 Stöðugreining

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagvöxt en stuðningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt.


Í lok nóvember 2021 höfðu stofnuninni borist 101 lánsúmsókn til samanburðar við 148 úmsóknir á metárinu 2020. Árið 2019 bárust stofnuninni 136 lánsbeiðnir en árið 2018 voru þær 132. Eftirspurn eftir lánnum er því örlítið minni en árin á undan sem má að miklu leyti rekja til áhrifa COVID-19.

Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar í lok nóvember var 19,99 ma.kr. og því einkar stutt í að 20 ma.kr. múrinn verði rofinn. Staða safnsins í lok árs 2020 var um 16,8 ma.kr. og 13,8 ma.kr. árið 2019 og hafði þá hækkað um tæpa 2 ma.kr. frá árinu á undan. Lánasafnið hefur því vaxið mikið á síðustu árum og ljóst að lánastarfsemi Byggðastofnunar er eftirsótt víða um land.

3.2.1 COVID19

Óhætt er að segja að COVID19 hafi haft mikil áhrif á lánastarfsemi Byggðastofnunar en frá því að áhrifa faraldursins fór fyrst að gæta hefur 76% lántakenda í ferðaþjónustu fengið skilmálabreytingar með einhverjum hætti. M.ö.o. þá hafa ¾ hlutar aðila í ferðaþjónustu ekki getað greitt af lánnum sínum á tímabilinu í samræmi við upphaflega skilmála þeirra.

Ef við skoðum áhrifin á lánasafnið í heild hafa alls 138 viðskiptavinir í ýmsum atvinnugreinum fengið slíkt úrræði. Heildarútlán til þessara aðila námu um 5,8 ma.kr. þann 30. september eða um 30% af heildarútlánum á þeim tímapunkti.



Það sem af er ári 2021 (staðan m.v. 30.09) hafa 40 umsóknir um skuldbreytingu vegna COVID19 borist og voru allar nema ein samþykkt. Frá upphafi faraldursins hafa þessar umsóknir verið um 200 talsins en sumir eru að sækja um tvisvar, jafnvel þrisvar.

3.2.2 Landbúnaður

Sérstök lán í landbúnaði sem stofnunin fór af stað með í byrjun árs 2014 hafa verið eftirsótt og margir bændur farið í kostnaðarsamar framkvæmdir með lánum frá stofnuninni. Þessi lánaflokkur var uppfærður á síðasta ári með tilkomu COSME samkomulagsins og heimilar nú allt að 90% lán til kynslóðaskipta í landbúnaði.

Í lok árs 2014 voru samþykktar breytingar á reglugerð um aðbúnað dýra í mjólkur- og sauðfjárrækt. Þessar breytingar gera það að verkum að mjólkurframleiðendur sem eru með básafjós þurfa að huga að því hvort þeir muni halda áfram búskap og fara í kostnaðarsamar framkvæmdir eða hætta. Hefur þessi breyting breytt umhverfi mjólkurframleiðslu á Íslandi mikið, en búum hefur fækkað og þau sem eftir standa eru stærri en áður og með mun meiri framleiðslu.

Eftir mikla óvissu og lækkun verða í sauðfjárrækt í landinu hafa afurðastöðvar greitt hærri verð nú en áður. Greinin hefur samt sem áður átt undir högg að sækja um nokkurt skeið og ekki síst síðustu ár þar sem afurðaverð til bænda hefur lækkað stórkostlega. Viðbúið er að áfram verði lítil framlegð úr sauðfjárrækt og nær hver einasti bóndi sinnir aukavinnu utan bús.

Að lokum er vert að nefna hrun í loðdýrarækt, en sterkt gengi og lágt heimsmarkaðsverð gerði loðdýrabændum erfitt fyrir og höfðu þeir rekið bú sín með rekstartapi síðustu ár. Þar að auki tók ný

dýravelferðareglugerð gildi árið 2020 sem gerir kostnaðarsamar framkvæmdir við búrastækkannir nauðsynlegar. Þá hefur heimsfaraldur COVID19 að öllum líkindum gert út af við greinina á Norðurlöndunum, en veiran greindist í minkum í Danmörku og stjórnvöld fyrirskipuðu endalok framleiðslu þar. Nú er svo komið á Íslandi að búum hefur fækkað verulega og hætta á að greinin leggist af að fullu hér á landi.

3.2.3 Ferðaþjónusta

Hrun í komu ferðamanna til Íslands í kjölfar COVID19 hafði vissulega gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna. Þannig sótti meirihluti aðila í ferðaþjónustu þær bjargir sem hið opinbera veitti eins og hlutabótaleið, greiðsluskjól, lánalínur o.s.frv. Að sama skapi hefur stofnunin þurft að skilmálabreyta stærstum hluta lánasafnsins í ferðaþjónustu eins og að ofan greinir.

Hins vegar virðist sem svo að árið 2021 hafi verið bærilegt fyrir viðskiptavinum Byggðastofnunar í ferðaþjónustu, sér í lagi í samanburði við árið á undan. Þannig hafa margir aðila hafið afborganir að fullu að nýju þrátt fyrir að straumur ferðamanna sé ekki nándar nærri því sem hann var fyrir heimsfaraldur. Þannig hafa smærri aðilar í ferðaþjónustu þann möguleika að skala niður launakostnað með því móti að eigendur sinni nær öllum verkum á meðan eftirspurn er í lágmarki á meðan stærri aðilar eiga erfiðar um vik með þá aðferðafræði.

3.2.4 Sjávarútvegur

Útlán til sjávarútvegs hafa farið minnkandi undanfarin ár hjá stofnuninni. Tæknivæðing innan greinarinnar gerir það að verkum að stærri útgerðir og vinnslur verða hagkvæmari en þær smærri þar sem viðskiptamódelið er viðkvæmara og framlegðin minni. Þá virðist sem svo að bankarnir séu viljugri til þess að fjármagna verkefni í landsbyggðunum með veði í fiskkvóta en önnur. Þó berast stofnuninni á tíðum beiðnir frá viðkvæmum sjávarbyggðum um fjármögnun til útgerðar eða fiskvinnslu sem erfitt hefur verið að sinna sökum óvissu með verðmæti veða á þessum svæðum. Til þess að bregðast við þessu var á síðasta ári stofnaður sérstakur lánaflokkur með tilkomu ábyrgðakerfis COSME til fiskvinnslu og/eða útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum. Hefur þetta reynst vel og stöðug eftirspurn hefur verið í lánaflokkinn.

3.2.5 Fiskeldi

Stöðugur vöxtur hefur verið í fiskeldi undanfarin ár og gera áætlanir fyrirtækja í greininni ráð fyrir að hann haldi áfram. Fyrirtækin hafa verið að útvega sér starfsleyfi, rækta seiði og auka eldismassa í kvíum. Ljóst er að forsvarsmenn fiskelda á Íslandi eru stórhuga og töluverðu fjármagni þegar verið varið í greinina.

Fiskeldi er alþjóðleg atvinnugrein og við eigum í harðri samkeppni við nágrannabjórðir okkar á þessu sviði, lönd eins og Noreg, Færeyjar og Skotland. Því skiptir starfs- og rekstrarumhverfi greinarinnar máli í þessum samanburði, bæði hvað varðar stjórnsýslulega umgjörð ríkis og sveitarfélaga og gjaldtöku af rekstraraðilum í fiskeldi, jafnt á sjó og í landi. Samið hefur verið við Háskólann á Akureyri um að vinna fyrir stofnunina samanburðargreiningu á stjórnsýslulegri umgjörð fiskeldis á gjaldtöku af rekstraraðilum hér og í nágrannalöndum okkar. Gert er ráð fyrir að greiningin liggi fyrir í byrjun árs 2022.

3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2022

Á árinu 2022 er áætlað að ný útlán stofnunarinnar verði um 3 ma.kr. Til samanburðar höfðu verið veittir 3,59 ma.kr. eftir nóvembermánuð 2021.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 290 m.kr. Áhætta vegna nýrra útlána mun takmarkast af því, en framlög í afskriftarreikning eru ákveðin af lánanefnd við ákvörðun um lánveitingu, og færð til gjalda við útborgun lánsins. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárlutfall stofnunarinnar.

Fram til ársins 2014 var einungis einn lánaflokkur í boði hjá stofnuninni, en þá voru kynnt til sögunnar svokölluð Landbúnaðarlán. Þau voru hugsuð til að auðvelda nýliðun í landbúnaði og bjóða ungum bændum hagstæð lán til jarðakaupa. Flokkurinn var svo útvíkkaður skömmu síðar og nær einnig yfir endurbætur og uppbyggingar á búum í rekstri og veitir nú ungum bændum allt að 90% fjármögnunarmöguleika. Skömmu síðar fóru svo af stað lán til stuðnings fyrirtækjareksturs kvenna í þeim tilgangi að efla þátttöku kvenna að stofnun og rekstri fyrirtækja. Báðir lánaflokkarnir hafa reynst vel og er stöðug eftirspurn í þá. Nýsköpunarlán fóru svo í loftið á haustmánuðum 2017, en aðgengi að fjármagni til nýsköpunar utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið takmarkað, frumkvöðlar talið lítinn stuðning þar að finna og eftirsóknarvert fyrir byggðaþróun að bæta úr með bættu aðgengi að þolinmóðu lánsfjármagni. Árið 2020 fór í loftið lánaflokkurinn Græn lán sem hefur það að markmiði að styðja við umhverfisvæn verkefni í landsbyggðunum og árið 2021 sérstakur lánaflokkur til fiskvinnslu og/eða útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum. Lánaflokkar stofnunarinnar eru því nú orðnir sex og vöruframboð hennar til þess fallið að mæta þörfum landsbyggðanna.

Samantekt allra lánaflokka Byggðastofnunar má lesa úr eftirfarandi mynd.

LÁNAFLOKKAR BYGGÐASTOFNUNAR



- **Almenn lán**
 - 5,7% verðtryggt
 - 4% álag á REIBOR
 - 4,5% álag á LIBOR eða EURIBOR
 - Lánstími allt að 20 ár
 - **Landbúnaður**
 - 4,5% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 25 ár
 - Á jörð verður að vera búskapur og fóst búseta
 - Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
 - Sérstakar veðakröfur vegna kynslóðaskipta
 - 90% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
 - 75% veðsetning í vélum og tækjum
 - **Atvinnurekstur kvenna**
 - 4,8% verðtryggt
 - 3% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 10 ár
 - Að lágmarki 75% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra
 - Lánsupphæðir
 - Allt að 5mkr. án trygginga
 - Allt að 10 mkr. með tryggingum
 - **Lán til fiskvinnslu/útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum**
 - Veitt á skilgreindum svæðum, sjá næstu glæru
 - Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
 - 4,8% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - 3,5% álag á EURIBOR
 - Allt að 80% veðsetning í fiskvinnsluhúsum og/eða allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum
 - 5,7% verðtryggt
 - 4% álag á REIBOR
 - 4,5% álag á EURIBOR
 - **Nýsköpunarlán**
 - 4,5% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 10 ár
 - Lánsupphæð að hámarki 10 mkr.
 - Tryggingar : hlutafé/hugmynd/vörumerki þar sem við á auk 50% ssk ábyrgðar forsvarsmanna
 - Möguleiki á:
 - Algjöru greiðsluleysi fyrstu tvö árin
 - Greiða eingöngu vexti næsta ár á eftir
 - Eiginfjárframlag skal vera jafnt lánsupphæð að lágmarki
 - **Græn lán**
 - 4,8% verðtryggt
 - 3% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að 20 ár
 - Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
 - Til umhverfisvænna verkefna
 - Lánstími í samræmi við veðandlag
 - Sérstakar veðakröfur
 - 90% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
 - 75% veðsetning í vélum og tækjum
- Almennar veðakröfur lána Byggðastofnunar:**
75% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
50% veðsetning í vélum og tækjum
60% veðsetning í skipum með kvóta
Lántökugjald allra lána : 1,8%
- UPPFÆRT 1.9.2021

Líklegt verður að teljast að eftirspurn í lán frá Byggðastofnun verði áfram nokkur á næsta ári við endurreisn hagkerfisins í kjölfar heimsfaraldurs. Í ljósi þess verður á árinu 2022 lögð áhersla á eftirfarandi viðmið:

1. Vegin meðaláhætta allra útlána ársins 2021 verði ekki hærra en 10%.
2. Miðað skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 10% af eigin fé stofnunarinnar á hverjum tíma.
3. Sköpun eða varðveisla varanlegra starfa verði í forgrunni.
4. Að nægjanlegt eiginfjárframlag sé til nýrra verkefna.
5. Að trúverðugar rekstraráætlanir sýni fram á greiðslugetu.
6. Að öllu jöfnu verði fjármögnun stofnunarinnar til nýrra verkefna en ekki endurfjármögnunar.

Reglubundinni lánastarfsemi Byggðastofnunar verður haldið áfram með óbreyttu sniði. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi verkefni:

3.3.1 Kynningafundir á fjármögnunarstarfsemi í landsbyggðunum og heimsóknir til viðskiptavina

Haldið verður áfram reglubundnum kynningarfundum á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar í landsbyggðunum. Þannig hafa viðverutímar verið auglýstir í bæjarblöðum og á vefnum og áhugasamir kynnst fjármögnunarleiðum stofnunarinnar betur auk þess að gefast færi á að ræða sínar hugmyndir við sérfræðinga stofnunarinnar. Þá hafa ferðirnar verið nýttar til þess að heimsækja núverandi viðskiptavini. Þessar ferðir hafa reynst mjög vel og þeim verður því viðhaldið á árinu 2022.

Auk þess verður á árinu leitað eftir samstarfi við HMS með það að markmiði að setja upp sameiginlega kynningarfundir þar sem Byggðastofnun kynnir lánveitingar til fyrirtækja og HMS til einstaklinga, en töluvert af fyrirspurnum berast í þessum ferðum um möguleika til fjármögnunar íbúðarhúsnæðis.

Áætlað umfang 2022: 4 mannmánuðir

3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni

Byggðastofnun hefur skráð áhættustefnu stofnunarinnar í fjórum megin liðum, þ.e. lausafjárahættu, rekstraráhættu, útlánaáhættu og markaðsáhættu.

Í áhættustefnunni og áhættureglum felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæla eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum. Sett voru markmið stofnunarinnar í þessum megin áhættuliðum og hvernig eftirfylgni með þeim er háttað. Í ársfjórðungslegum áhættuskýrslum eru framkvæmdar mælingar á þeim viðmiðum sem sett eru fram í áhættustefnu stofnunarinnar og áhættureglum. Umsjónarmaður áhættustýringar kynnir á stjórnarfundum ársfjórðungslegar skýrslur um framkvæmd áhættustefnunnar og stöðu mælikvarða íhenni. Til viðbótar kemur árlega út ICAAP (Internal Capital Adequacy Assessment Process) skýrsla sem tekur saman ofangreinda þætti með ítarlegri hætti.

Áfram verður unnið marksvist að eflingu áhættustjórnunar með því að fylgjast stöðugt með því hvort þörf sé á að bæta innri ferla og auka skilvirkni greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2022: 2 mannmánuðir

3.3.3 Efling átthagafjórðinga

Veigamikill þáttur í jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu er öflugt atvinnulíf. Stofnunin hefur stutt við atvinnulífið með ýmsu móti, þó helst með lánveitingum til fólks og fyrirtækja vegna ýmiskonar atvinnureksturs. Auk þess á stofnunin hluti í fyrirtækjum um land allt þó fækkað hafi verulega í því safni hin síðustu ár. Færa má fyrir því rök að efling landshlutabundinna eignarhaldsfélaga sé heppileg leið til eflingar atvinnulífs. Þessi félög eru að meirihluta í eigu heimamanna sem bera hag síns nærumhverfis fyrir brjósti og þekkja það best. Byggðastofnun er minnihlutaeigandi sem kemur að félögunum með fjármagn og sérfræðipækkingu. Þetta hefur reynst mikilvægur hluti af atvinnuuppbyggingu til viðbótar við lánveitingar stofnunarinnar.

Nú er svo viðkomið að staða þessara félaga er misjöfn. Þannig liggur t.d. töluvert af lausu fé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja á meðan nánast ekkert er af lausu fé í Eignarhaldsfélagi Suðurlands. Þetta gerir það að verkum að sum félög geta ekki sinnt sínu hlutverki lengur og tekið þátt í nýjum verkefnum. Ekkert slíkt félag er í eigu stofnunarinnar á Vesturlandi eða Norðurlandi eystra.

Lagt er upp með að á árinu verði leitað leiða til að efla getu félaganna með því að auka hlutafé þeirra í samvinnu við aðra hluthafa eða nýja fjárfesta.

Áætlað umfang 2022: 2 mannmánuðir

4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN

4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

9. gr. Atvinnuráðgjöf

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á starfssvæði stofnunarinnar í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

4.2 Inngangur

Samstarf um atvinnu- og byggðaðróun í öllum landshlutum á starfssvæði stofnunarinnar á sér langa sögu. Nýrri veigamikil verkefni stofnunarinnar eru verkefnið Brothættar byggðir og úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar. Þá var stofnuninni falið með lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi að meta áhrif nýfjárfestingar á byggðaðróun og atvinnulíf. Engin beiðni um mat borist Byggðastofnun frá árinu 2015.

4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar

Samkvæmt fjárlögum ársins 2022 mun ríkið veita um 206,3 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Nýir samningar um atvinnu- og byggðaðróun voru undirritaðir í upphafi árs 2018 með gildistíma frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Samningarnir eru uppsegjanlegir með sex mánaða fyrirvara. Á árinu verður unnið að gerð nýrra samninga við landshlutasamtökin. Meðal annars þarf skoða hvort fella eigi niður aukaframlag til SSNE vegna sameiningarinnar árið 2020 og með hvaða hætti á að framkvæma það ef ákveðið verður að fella það niður.

Markmið samninganna er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði viðkomandi félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Landshlutasamtök sveitarfélaganna eða þeir aðilar sem Byggðastofnun gerir samninga við um atvinnuráðgjöf skulu meðal annars vinna að atvinnu- og byggðapróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, eflingu búsetuþátta og upplýsingaöflun. Þá er lögð áhersla á að sinnt sé endurmenntun og samstarfi.

Byggðastofnun leggur þeim sem atvinnuráðgjöfinni sinna til fé, fylgist með að starfsemi þeirra sé í samræmi við skyldur, veitir faglega aðstoð, samræmir tengsl og gengst fyrir fundum, ráðstefnum og náms- og kynnisferðum. Þá eru ákvæði í samningunum um markmiðasetningu og árangursmat sem og eftirfylgni. Að öðru leyti eru félögin á forræði heimamanna og lúta ekki valdi Byggðastofnunar nema hvað varðar þau atriði sem samningar kveða á um.

Framlag Byggðastofnunar til starfsemi atvinnuráðgjafarinnar er ákveðið í fjárlögum hvers árs. Á fundi sínum 25. janúar 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar nýja reglu um skiptingu fjár til atvinnuþróunar

Meginhluta fjár til atvinnuþróunar er skipt á milli samningsaðila í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda. Fjöldi vinnusóknarsvæða endurspeglar að talsverðu leyti vegalengdir innan starfssvæða atvinnuþróunarfélaga og kostnað við starfsemi á mörgum stöðum. Stærð vinnusóknarsvæðanna endurspeglar styrk þeirra og þótt gert sé ráð fyrir að kostnaður við atvinnuþróun aukist með auknum mannfjölda. Reiknað er með hlutfallslega hærri upphæðum til fámennra svæða. Sums staðar falla vinnusóknarsvæði saman og er þá íbúafjöldi aðeins talinn til annars svæðisins.

Vægi vinnusóknarsvæða:

- A- Stærstu vinnusóknarsvæði landsins..... 10 einingar
- B- Stærsta vinnusóknarsvæði hvers félags..... 10 einingar
- C- Önnur stærri vinnusóknarsvæði..... 6 einingar
- D- Miðlungs vinnusóknarsvæði 3 einingar
- E- Lítil vinnusóknarsvæði..... 1 eining

Þegar þessu kerfi var komið á var hver eining 1 m.kr. Með fyrirvara um framlag á fjárlögum er gert ráð fyrir að sú upphæð hækki í samræmi við verðlagsþróun á komandi árum. Verði síðar gerð breyting á einingafjölda vegna tiltekinnar tegundar svæðis gengur hún sjálfkrafa yfir öll sambærileg svæði á landinu. Flytjist vinnusóknarsvæði milli þeirra aðila sem atvinnuráðgjöf veita leiðir það jafnframt sjálfkrafa til breytinga á fjárframlögum samkvæmt þessu líkani.

Jafnframt er gert ráð fyrir tiltekinni upphæð vegna sérstakra aðstæðna sem ekki endurspeglast í fjölda og stærð vinnusóknarsvæða. Hér er sérstaklega litið til erfiðra samgangna, mikillar fólksfækkunar, lágra launa, fábreytni í atvinnulífi og atvinnuleysis. Þessar upphæðir verða samningsbundnar vegna þróunarsetra á vegum viðkomandi félaga og verða endurskoðaðar með tilliti til breytinga á aðstæðum á viðkomandi svæði og öðrum svæðum landsins. Á árinu 2020 var veitt 21,2 m.kr. til slíkra þróunarsetra á Vestfjörðum og 10 m.kr. á Suðurnesjum og 5 m.kr. til SSNE vegna sameiningar atvinnuþróunarfélaganna á Norðurlandi eystra. Aukaframlag til SSNE vegna sameiningar árið 2020 verður endurskoðað á næsta ári.

Ný landshlutasamtök, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) hófu starfsemi 1. janúar 2020. SSNE yfirtók réttindi og skyldur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og þar með framlög Byggðastofnunar til atvinnu- og byggðapróunar. Til viðbótar við reikniregluna er aukaframlag til SSNE árið 2022, tæpar fimm milljónir sem er í samræmi

við ákvörðun um greiðslu til SSNE frá árinu 2020. Árið 2022 verður stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuráðgjöfina í samræmi við samninga þar um, fjárveitingar samkvæmt fjárlögum 2022 og reglur stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár. Á árinu 2022 verður stuðningur til atvinnu- og byggðaþróunar 206,3 m.kr.

Samkvæmt fjárlögum lækkar framlagið um 1 m.kr. og verður 206,3 m.kr. eins og áður segir. Á árinu 2022 er lagt til að grunnframlög, framlög til þróunarsetra á Vestfjörðum og Suðurnesjum, sérstakt framlag til Norðlands eystra og liðurinn sameiginlegir fundir og fræðsla lækki um 0,48% til samræmis við lækkun fjárlagaliðarins. Miðað við ofangreint verður skipting fjár til atvinnuþróunarinnar á árinu 2022 sem hér segir:

Skipting fjár árið 2022						
		Grunnframlag	Aukaframlag	Samtals	Breyting í kr.	Breyting í %
Vesturland	13,97%	23.499.093		23.499.093	113.907	0,48%
Vestfirðir	12,50%	21.025.085	20.865.857	41.890.942	203.058	0,48%
Norðurland vestra	13,97%	23.499.093		23.499.093	113.907	0,48%
Norðurland eystra	18,38%	30.919.125	4.921.146	35.840.271	173.729	0,48%
Austurland	16,18%	27.210.104		27.210.104	131.896	0,48%
Suðurland	17,65%	29.684.112		29.684.112	143.888	0,48%
Suðurnes	7,35%	12.368.048	9.842.291	22.210.340	107.660	0,48%
Samtals	100,00%	168.204.660	35.629.294	203.833.954	988.046	
Sameiginlegir fundir og fræðsla				2.466.046		
Af fjárlögum miðað við fjárlagafrumvarp				206.300.000		

4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög

Á árinu 2021 voru þátttakendur í „Brothættum byggðum“ eftirtalin byggðarlög: Árneshreppur, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri, Grímsey, Strandabyggð og Þingeyri. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á árinu 2021 að framlengja þátttöku Grímseyjar, Árneshrepps og Þingeyrar út árið 2022. Auk þess var samþykkt að Stöðvarfjörður og Dalabyggð verði tekin inn í verkefnið í byrjun árs 2022. Borgarfjörður eystri lýkur formlegri þátttöku að því leyti að Byggðastofnun dregur sig í hlé í lok árs 2021. Á árinu 2022 verða sjö byggðarlög þátttakendur í verkefninu Brothættar byggðir.

Fyrir hvert byggðarlag er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar íbúa, sveitarfélags, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka/atvinnuráðgjafar. Einn af lykilþáttum verkefnisins Brothættar byggðir er að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra og hefst sú vinna á tveggja daga íbúapingi. Með því er ætlunin að leita lausna á forsendum íbúanna. Út frá greiningu á stöðu byggðarlags og niðurstöðum íbúapings er mótuð stefna og verkefnisáætlun fyrir byggðarlagið með það fyrir augum að allir sem að verkefninu koma hafi skýra sýn á nauðsynlegar aðgerðir.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélags og ríkisvalds og því að virkja þekkingu og getu innan byggðarlaga til að móta markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem beitt er, er ætlað að stuðla að valdeflingu (e. „empowerment“), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Undirmerkið eru:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.

- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Nú skiptist verkefnið í fjóra áfanga og getur verkefnistíminn verið allt að fimm ár í hverju byggðarlagi. Gert er ráð fyrir því að ráðinn sé verkefnisstjóri sem sinni þátttökubyggðarlögum á tilteknu svæði. Fjárhagsáætlun er gerð fyrir verkefnið Brothættar byggðir sem uppfærð er árlega. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir kostnaði vegna verkefnisstjóra, styrkja og annars kostnaðar sem fellur á verkefnið í hverju byggðarlagi og á landsvísu.

Á árinu verður unnin greining á áhrifum verkefnisins á byggðaþróun og eflingu byggðarlaganna, en 10 ár eru liðin frá því að verkefnið hófst sem tilraunarverkefni á Raufarhöfn árið 2012.

4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum. Á fiskveiðiárinu 2021/2022 hefur stofnunin 5.154 þorskígildistonn til ráðstöfunar og í gildi eru þrettán samningar á ellefu stöðum. Þeir eru; sunnanverðir Vestfirðir, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Drangsnæs, Hrísey, Grímsey (tveir samningar), Raufarhöfn, Bakkafjörður (tveir samningar), Breiðdalsvík og Djúpvogur. Allir samningarnir, nema annar tveggja samninga á Bakkafirði eru með sex ára gildistíma. Þeir voru gerðir 2018 nema samningurinn á Breiðdalsvík sem gerður var 2017, samningurinn á Flateyri og annar samningurinn á Bakkafirði sem gerðir voru 2019. Athugun haustið 2021 leiddi í ljós að í öllum megin atriðum hefur verið staðið við gerða samninga á fiskveiðiárinu 2020/2021 og að þeir skipta miklu máli um sköpun og varðveislu starfa í þeim byggðarlögum þar sem þeirra nýtur við.

Á árinu er gert ráð fyrir almennri eftirfylgni, umsýslu, fundum og heimsóknum vegna verkefnisins. Auk þess þurfa samningsaðilar að gera grein fyrir framgangi verkefnisins að afloknu hverju fiskveiðiári. Tilgangur þess er að safna upplýsingum um framgang verkefnanna og fylgjast með hvernig samningunum hefur verið framfylgt en einnig til að reyna að leggja mat á árangur af samningunum.

Til að auka skilvirkni eftirlitsins er verið að skoða í samstarfi við Fiskistofu hvernig hægt er að auka heimildir stofnunarinnar til að fá upplýsingar um ráðstöfun afla úr kerfum Fiskistofu. Gert er ráð fyrir að vinna nýtt sniðmát vegna skila á upplýsingum um framkvæmd samninganna til að einfalda uppgjör þeirra og samanburð á árangri. Stöðugt er unnið að því að bæta umsýslu stofnunarinnar um þetta mikilvæga verkefni. Mikið magn gagna og upplýsinga berst ár hvert frá vinnslum og útgerðum og hafa upplýsingar í gegnum árin verið mis skýrar og oft flóknar. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að samningshafar útfylla nú staðlað form til upplýsingagjafar og fyrir næsta fiskveiðiár verða kannaðir möguleikar á rafrænum skýrsluskilum í gegnum gátt stofnunarinnar.

4.2.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun

Flutningsjafnanir olíuvara annars vegar og framleiðsluvara hins vegar hafa nú verið sameinuð undir ein lög nr. 160/2011.

En þann 10. júlí 2020 samþykkti Alþingi Íslands lög nr. 89/2020, sem fela í sér nýtt fyrirkomulag á jöfnun flutningskostnaðar olíuvara. Samkvæmt 9. gr. laganna hafa lög nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara verið felld úr gildi þann 1. janúar 2021 og Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara lagður niður. Til að hvetja söluaðila olíuvara til að halda uppi eðlilegu framboði á olíuvörum til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og/eða lýðfræðilegra aðstæðna var lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun einnig breytt og flutningsjöfnun olíuvara nú í þeim lögum jafnframt eins og áður segir. Verður flutningsjöfnun olíuvara þannig eftirleiðis í formi sérstakra styrkja sem ákvarðaðir verða útfrá þeirri heildarfjárhæð sem fyrirhugað verður að veita til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara í fjárlögum ár hvert, seldu magni olíuvara á viðkomandi sölustað og byggðastuðli sem skal endurspeglar samkeppnisstöðu svæðis í byggðalegu tilliti að mati Byggðastofnunar.

Byggðastofnun mun gegna lykilhlutverki í þessari nýju útfærslu með umsögn til ráðherra um byggðastuðla í reglugerð hans annars vegar og árlegri umsýslu og utanumhaldi um styrki vegna flutningskostnaðar hins vegar, en fyrsta úthlutun úr nýju kerfi skv. lagabreytingunni verður vorið 2022 vegna ársins 2021.

Að sama skapi verður auglýst eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar framleiðsluvara eins og áður. Umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt lögum og reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð. Gerð verður úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd.

Nýr starfsmaður fyrirtækjasviðs sem mun annast eftirlit með póstmálum mun jafnframt sinna hlutverki stofnunarinnar í flutningsjöfnun skv. þessum lögum.

4.2.6 Annar stuðningur við byggðapróun

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listahátíð í Reykjavík og Air Iceland Connect (nafninu var breytt 2021 í Icelandair) staðið að veitingu Eyrarrósarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Í árslok 2012 var samningurinn endurnýjaður fyrir tímabilið 2013–2016, verðlaunaféð hækkað og fyrirkomulagi viðurkenningarinnar jafnframt breytt til samræmis við eflingu menningarstarfs í landsbyggðunum á síðustu árum. Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa nú fengið formlegt umsagnarhlutverk við val verkefna, jafnframt því sem afhending viðurkenningarinnar mun framvegis færast milli landshluta og varpa þannig sviðsljósinu á menningarstarf á ólíkum svæðum á starfssvæði Byggðastofnunar. Samningsaðilar ákváðu að framlengja samstarfinu til næstu 4 ára (2017-2020) með óbreyttu sniði, en þó þannig að árlegt framlag Byggðastofnunar hækkar úr kr. 2.500.000 í 3.000.000.

Nýr samningur sem gildir til ársloka 2024 var undirritaður við veitingu Eyrarrósarinnar í maí 2021. Fjárframlag Byggðastofnunar verður samtals 12 m.kr. á samningstímanum eða 3 m.kr. á ári. Við endurnýjun var skipulag endurskoðað í samstarfi við menningarfulltrúa á landsbyggðinni með það í huga að styrkja Eyrarrósina enn frekar sem raunverulegan bakhjarl lista- og menningarlífs á starfssvæði Byggðastofnunar. Helstu breytingarnar eru að Eyrarrósinn verður afhent annað hvert ár. Eyrarrósarhafa verður boðið að standa að veglegum viðburði á Listahátíð, heimildarmyndband er framléitt með Eyrarrósarhafa og verðlaunafé til handhafa Eyrarrósar aukið úr 2 m.kr. í 2,5 m.kr. Eyrarrósarlistinn lagður niður en veitt þrenn 750 þús.kr. hvatningarverðlaun til nýrra verkefna.

Þá hefur Byggðastofnun frá árinu 2011 veitt Landstólpann, viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðarlagsins. Landsstólpinn verður næst afhentur ársfundi Byggðastofnunar 2022.

4.3 Verkefni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar á árinu 2022

4.3.1 Stuðningur við atvinnu- og byggðaðróunar

Á árinu 2022 verður stuðningur Byggðastofnunar við samningsaðila um atvinnu- og byggðaðróun í samræmi við samninga þar um, fjárveitingar á fjárlögum 2020 og reglur stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár. Unnið verður að gerð nýrra samninga um atvinnu- og byggðaðróun. Fyrirhugað er að fara í náms- og kynnisferð til Noregs árið 2022.

Áætlað umfang 2022:

Samstarf um atvinnu- og byggðaðróun:..... 3 mannmánuðir

4.3.2 Brothættar byggðir

Verkefnið mun ná til sjö byggðarlaga á árinu 2022. Unnin verður greining á áhrifum verkefnisins brothættar byggðir á byggðaðróun og eflingu byggðarlaga

Áætlað umfang 2022:

Samhæfing og yfirumsjón verkefnisins: 17 mannmánuðir

Greining á áhrifum verkefnisins.....1 mannmánuðir

4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar

Áfram verði unnið að almennri umsýslu með þeim samningum sem eru í gildi en samskipti og umsýsla vegna verkefnisins hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Fyrir næsta fiskveiðiár verða kannaðir möguleikar á rafrænum skýrsluskilum samningshafa í gegnum gátt stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2022:

Vinna við aflamark..... 6 mannmánuðir

4.3.4 Svæðisbundin flutningsjöfnun

Flutningsjafnanir olíuvara annars vegar og framleiðsluvara hins vegar hafa nú verið sameinuð undir ein lög nr. 160/2011.

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar framleiðsluvara eins og áður. Umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt lögum og reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð. Gerð verður úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd.

Nýr starfsmaður fyrirtækjasviðs sem mun annast eftirlit með póstmálum mun jafnframt sinna hlutverki stofnunarinnar í flutningsjöfnun skv. þessum lögum.

Áætlað umfang 2022:

Vinna við flutningsjöfnun: 4 mannmánuðir

4.3.6 Annar stuðningur við byggðapróun

Eyrarrósin er veitt annað hvert ár, næst 2023. Landstólpinn verður veittur á ársfundi stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2022:

Vinna við annan stuðning: 0,5 mannmánuður

5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknnum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

5.2 Inngangur

Mikilvægt er að gerðar séu vandaðar rannsóknir á áhrifum skipulags opinberrar þjónustu á líf skjör og byggðapróun. Þjónusta á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu, löggæslu og dómstóla, menntun og menningarstarfsemi eru eftirsóknarverð gæði. Skattgreiðendur sækjast eðlilega eftir búsetu á svæðum þar sem þeir geta notið þeirrar þjónustu sem þeir greiða fyrir. Á sama tíma skapar slík þjónusta fjölbreytt störf sem geta eftir búsetu á stórum svæðum og stuðlað að jafnari aldurs- og kynjasamsetningu. Á árinu verðar framkvæmdar nýjar þjónustukannanir til að mæla þjónustusókn í öllum landshlutum. Þá verður unnin rannsókn á áhrifum náttúruhamfara á byggðafestu.

Unnið verður að þróun byggðavísitölu eða svæðavísitölu (rural index) sem er verkfæri sem getur gagnast við að flokka svæði eftir styrkleikum og veikleikum sem nýtist við að ákveða svæðisbundin ríkisstuðning og/eða aðgerðir s.s. í tengslum við opinbera grunnþjónustu og/eða ýmiss gjöld sem ríkið leggur á fyrirtæki og einstaklinga. Byggðavísitala getur gagnast sem verkfæri ef og þegar þarf að beita sértækum aðgerðum sem eru miðaðar við afmörkuð svæði og eru tímabundnar.

Atvinnusóknarkort Byggðastofnunar leggur mikilvægan grunn að frekari rannsóknnum en enn er þó tiltölulega lítið vitað um þætti eins og fasteignamarkað, samskiptamynstur milli byggðarlaga og innan svæða. Kannanir á þjónustusókn í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins, sem Byggðastofnun hefur unnið, varpa ljósi á hvert íbúar sækja mismunandi tegundir þjónustu um lengri og skemmri veg.

Ánægja með búsetu tengist margvíslegum lífsgæðum m.a. á borð við manngert umhverfi, umferð og samgöngur því er mikilvægt að auka þekkingu á áhrifum samgangna á byggðapróun. Efla þarf rannsóknir á samfélagslegum áhrifum vegakerfisins og stuðla að nýtingu þeirra í ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Vart verður áhuga stjórnvalda á að fela stofnuninni fleiri verkefni. Í auknum mæli er kallað eftir greiningum ef upp koma alvarleg vandamál í einstökum atvinnugreinum eða byggðarlögum. Telur stofnunin sér skylt að bregðast fljótt við þegar slík erindi berast.

Haldið verður áfram samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga en þau hafa tekið við atvinnuráðgjafarstarfseminni.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er víða að finna áform um aðgerðir í byggðamálum sem gefa tilefni til að Byggðastofnun komi að verkum. Stofnunin mun bjóða fram krafta sína eftir því sem tilefni gefst.

5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Byggðastofnun safnar og miðlar margvíslegum upplýsingum um stöðu og framtíðarhorfur landsbyggðanna. Þar má til dæmis nefna greinargerðir sem fylgt hafa byggðaaáætlunum, nú síðast greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögum um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022-2036 þar sem m.a. er fjallað um lýðfræði og efnahagsþróun og byggðamál í alþjóðlegu samhengi.

Gera þarf ráð fyrir svigrúmi í starfsáætlun til að bregðast við óvæntum erindum. Í auknum mæli er óskað eftir aðkomu Byggðastofnunar að ýmsum verkefnum á vegum Alþingis, ráðuneyta og annarra opinberra stofnana. Sem dæmi um slík verkefni er úttekt sem gerð var að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um vinnu- og skólasóknarsvæði og almenningssamgöngur. Um er að ræða almenna greiningu sem og svæðagreiningu þar sem meðal annars eru greindir styrkleikar og veikleikar hvers svæðis ásamt áskorunum með tilliti til almenningssamgangna. Í skýrslunni voru sett fram uppfærð kort af vinnu- og skólasóknarsvæðum með hliðsjón af samgöngubótum undanfarinna ára.

Á árinu 2022 verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Unnin verður skýrsla um þróun atvinnutekna 2008-2021. Stofnunin vinnur úr og birtir opinberar upplýsingar sem fengnar eru frá ýmsum aðilum. Má þar nefna kort sem byggð eru á gögnum Hagstofu Íslands um íbúapróun og atvinnugreinar, gögnum Matvælastofnunar um greiðslumark í landbúnaði og dreifingu búfjár. Upplýsingum frá Sambandi sveitarfélaga um útsvarstekjur o.fl., gögnum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi eftir landshlutum og gögnum um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða sem safnað er í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu uppfærðar reglulega og brýnt er að endurskoða reglulega stærð vinnusóknarsvæða meðal annars með tilliti til samgöngubóta.

Áfram verður unnið að uppfærslu og viðhaldi þjónustukortsins vinnan felst í gagnaöflun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga á kortagrunni. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskaði eftir að Byggðastofnun annaðist viðhald kortsins.

Byggðastofnun gegnir mikilvægu hlutverki fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir, nýsköpun, byggðaþróunarverkefni og stefnumótun í byggðamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar eru þátttakendur í starfsnefndum á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál sem Nordregio hefur umsjón með. Forstjóri stofnunarinnar situr í stjórn Nordregio sem er rannsóknarstofnun á sviði byggðamála á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá sitja starfsmenn Byggðastofnunar fundi stjórnarnefndar evrópsku byggðarannsóknastofnunarinnar ESPON, í framkvæmdastjórn NORA og NPA sem eru samstarfsáætlanir um atvinnulífs- og byggðaþróunarverkefni í umboði innviðaráðuneytisins.

5.2.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál

Með lögum nr.41/2015 um ívilnanir til fjárfestingarverkefna á Íslandi fékk Byggðastofnun það hlutverk að meta áhrif viðkomandi fjárfestingarverkefnis á byggðaþróun og atvinnulíf. Þetta hlutverk hefur ekki verið íþyngjandi að undanfögnu. Samkvæmt lögum nr.123/2015 skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðaþróun í landinu.

Stofnunin mun sinna beiðnum sem berast um umsagnir þingmála og senda inn umsagnir að eigin frumkvæði eftir því sem tilefni gefst til.

5.2.3 Mælaborð um byggðatengdar upplýsingar

Unnið hefur verið að uppbyggingu gagnagrunns um byggðatengdar upplýsingar um nokkurra ára skeið. Meginmarkmið eru að:

- Safna og tryggja varðveislu byggðatengdra upplýsinga.
- Styðja við greiningu og rannsóknir með því að tryggja aðgengi starfsmanna auk annarra að þessum upplýsingum.
- Stuðla að aukinni meðvitund almennings um byggðapróun með myndrænni framsetningu slíkra upplýsinga um vefgátt.

Frá árinu 2020 hefur Byggðastofnun unnið að því að hanna uppsetningu á mælaborðum þar sem myndræn framsetning er notuð til að birta mikið magn af tölulegum gögnum. Þegar hafa verið birt gögn um íbúafjölda í sveitarfélögum, dreifing ríkisstarfa, sveitarfélagaskipan, atvinnutekjur, fasteignagjöld og orkukostnað á völdum stöðum. Til stendur að setja töluleg gagnasett Byggðastofnunar að mestu upp í gagnvirkum mælaborðum þar á meðal gögn úr byggðarannsóknnum sem stofnunin hefur komið að með ýmsu móti.

Mælaborð, rannsóknir og greiningar sem stofnunin gerir hafa það að markmiði að leggja grunn að upplýstri umræðu og stefnumótun í byggðamálum sem byggir á bestu þekkingu hverju sinni.

5.2.4 Byggðarannsóknir og stuðningur við rannsóknir og stefnumótun

Byggðastofnun stofnaði ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Byggðarannsóknarsjóð sem hefur haft til úthlutunar 10 m.kr. á ári. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram á ársfundi Byggðastofnunar vorið 2015. Tveir starfsmenn stofnunarinnar sitja í stjórn Byggðarannsóknarsjóðs. Frá áinu 2015 hefur Byggðastofnun veitt styrki til meistaranema sem vinna að lokaverkefni á sviði byggðapróunar. Tveir starfsmenn stofnunarinnar sitja í úthlutunarnefnd sjóðsins. Annað hvert ár er haldin byggðamálaráðstefna í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila þar sem kallað er eftir erindum. Slík ráðstefna var haldin síðast í Höfðabrekku í Vík í Mýrdal í október 2021. Undir yfirskriftinni: *Menntun án staðsetningar* í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskólafélag Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Mýrdalshrepp. Undirbúningur byggðaráðstefnunnar 2023 hefst haustið 2022.

Verkefnið *Byggðafesta og búferlaflutningar* er samstarfsverkefni Byggðastofnunar og háskólakennara við ýmsar háskólastofnanir. Meginmarkmið þess er að draga saman stöðu þekkingar á byggðafestu og búferlaflutningum á Íslandi, safna nýjum gögnum sem varpað gætu ljósi á þróun, stöðu og framtíðarhorfur og kortleggja helstu viðfangsefni frekari rannsókna að þessu sviði. Alls hafa 16 fræðigreinar birst á alþjóðlegum ritrýndum vettvangi og fleiri eru í vinnslu. Auk þess sem þrjár skýrslur hafa verið ritaðar um niðurstöður rannsóknarinnar. Jafnframt hafa kynningar á niðurstöðum verið fluttar á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og málþingum. Einnig tengjast lokaritgerðir tveggja doktorsnema og þriggja meistaranema verkefninu. Lokafurð verkefnisins er bók á rafrænu formi en einnig verður skoðað hvort bókin verður gefin út á prenti.

5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2022

Auk venjubundinnar starfsemi við söfnun og miðlun upplýsinga mun Byggðastofnun á árinu 2022 vinna að sex flokkum verkefna á þessu sviði.

5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Stofnunin mun vinna tölfræðileg gögn um íbúabróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda, orkukostnað og atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Haldið verður áfram að kanna þjónustusókn íbúa í landsbyggðunum og þjónustusóknarsvæði skilgreind. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Samkvæmt reglugerð um svæðisbundinn stuðning í sauðfjárrækt vinnur Byggðastofnun árlega skilgreiningu fyrir MAST um þau bú sem njóta eiga stuðnings. Unnin verður skýrsla um staðsetningu og fjölda starfa á vegum ríkisins og stofnana þess miðað við áramót 2021/2022. Stefnt er að því að einnig verði skoðað hvar þeir sem störfunum gegna eru búsettir. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, sveitarstjórnir og landshlutasamtök. Þátttöku í nefndastörfum á vegum opinberra aðila verður sinnt eftir því sem tilefni gefst til, óskað verður eftir og tók eru á. Sömuleiðis verður fylgst með hvernig nágrannarþjóðir takast á við byggðabróun.

Áætlað umfang 2021:

Vinna við úttektir, greiningar og umsagnir:..... 11 mannmánuðir

Nefndastörf, byggðabróun í nágrannalöndum: 3 mannmánuðir

5.3.2 Mat á byggðáhrifum frumvarps til fjárlaga og áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál

Unnið verður mat á áhrifum þeirra fjárfestingarverkefna sem óskað kann að verða eftir af hálfu ráðuneytis. Unnið verður mat á áhrifum fjárlagafrumvarps á byggðabróun. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni er til.

Áætlað umfang 2021:

Vinna við mat á áhrifum fjárlagafrumvarps, nýfjárfestinga og umsagnir um þingmál...3 mannmánuðir

5.3.3 Mælaborð, þjónustukortið og byggðavísitala

Byggðatengdum upplýsingum verður safnað og varðveisla þeirra tryggð í mælaborðum og gagnagrunni Byggðastofnunar. Stutt verður við greiningar og rannsóknir á byggðatengdum málefnum með því að tryggja aðgengi starfsmanna Byggðastofnunar auk annarra að þessum upplýsingum. Með framsetningu á tölulegum upplýsingum með myndrænni hætti með mælaborðum verður leitast við að auka þekkingu og vitund almennings um byggðabróun. Unnið verður að þróun byggðavísitölu eða svæðavísitölu (rural index) verkfæri sem getur m.a. gagnast við að ákvarða svæðisbundinn stuðning. Áfram verður unnið að uppfærslu og viðhaldi þjónustukortsins.

Haldið verður áfram samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landmælingar, Nordregio, landshlutasamtökin og fleiri aðila um gagnaöflun og þróun myndrænnar framsetningar byggðatengdra upplýsinga.

Áætlað umfang 2022:

Vinna við mælaborð: 10 mannmánuðir
Vinna við þjónustukort.....4 mannmánuðir
Próunarvinna við byggðavísitölu.....3 mannmánuðir

5.3.4 Byggðarannsóknir, stuðningur við rannsóknir og stefnumótun

Unnar verða tvær nýjar rannsóknir á árinu annars vegar verður framkvæmd þjónustukönnun í þeim tilgangi að varpa ljósi á þjónustusóknarsvæðin og hvert íbúar sækja tiltekna þjónustu. Hins vegar verður skoðað áhrif náttúruhamfara á byggðafestu á völdum svæðum. Með starfrækslu Byggðarannsóknarsjóðs gefst tækifæri til að styðja við rannsóknir á sviði byggðamála. Byggðastofnun auglýsir eftir umsóknum og annast samskipti við umsækjendur en stjórn sjóðsins metur umsóknir og skilar tillögum um stuðning til stjórnar Byggðastofnunar. Úthlutun styrkja fer fram á ársfundi Byggðastofnunar. Auglýst verður eftir umsóknum frá meistaranemum um styrki til meistaraverkefna sem tengjast byggðamálum. Undirbúningur að Byggðaráðstefnunni 2023 hefst haustið 2022 í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri. Tilgangur byggðaráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðamálum með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Leitast er við að ná fram ólíkum sjónarmiðum þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á tiltekinn málaflokk hverju sinni.

Áætlað umfang 2022:

Þjónustukönnun.....2 mannmánuðir
Áhrif náttúruhamfara á byggðafestu.....2 mannmánuðir
Undirbúningur ráðstefnu og stuðningur við rannsóknir: 1 mannmánuðir

5.3.5 Samfélagsmiðlun

Haldið verður áfram að efla samtalið við almenning, fjölmiðla, kjörna fulltrúa, embættisfólk og annað áhugafólk um málefni landsbyggðanna. Markmið og megináherslur með þátttöku Byggðastofnunar á samfélagsmiðlum er að upplýsa um hlutverk, tilgang og störf stofnunarinnar og stuðla að auknu upplýsingaflæði til almennings. Hvetja til og taka þátt í umræðu um byggðamál og stuðla að markaðssetningu landsbyggðanna hvort sem er til búsetu eða atvinnu. Megináherslur á samfélagsmiðlum er að vera upplýsandi og fræðandi, frumleg og jákvæð með það að markmiði að sýna byggðamál í jákvæðu ljósi. Góð kynning á landsbyggðunum út á við er mikilvæg fyrir ímynd landsbyggðanna með tilliti til búsetu og nýrrar atvinnustarfsemi. Birtingar á heimsíðu og öðrum samfélagsmiðlum Byggðastofnunar eykur líkur á landsmiðlar og svæðismiðlar taki þær upp í sínum miðlum. Sett verður upp birtingaáætlun sem tekur til allra birtinga efnis á vegum stofnunarinnar. Eftirfarandi verður haft að leiðarljósi; að lágmarki ein birting á viku á heimsíðu, tvær birtingar á Facebooksíðu á viku, sex birtingar greina og fréttatilkynninga í landsmiðlum árinu og sex yfirtökur á Instagram.

Áætlað umfang 2022..... 2 mannmánuðir

5.3.6 Umhverfis- og loftslagsmál

Lögð verðu áhersla á þátttöku Byggðastofnunar í viðtæku samstarfi að framtíðarsýn fyrir Ísland sem einkennist af sjálfbærni, jöfnum tækifærum og samstarfi um verkefni sem nýta snjallar og grænar lausnir til að efla atvinnulíf og samfélag s.s. við samstarfsteymi sem stofnuð verða til í tengslum við aðgerð C.3. Grænt og snjallt Ísland (GOS) og C.9. Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar.

Áætlað umfang 2022..... 3 mannmánuðir

6. STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR

Í samræmi við góða stjórnarhætti skal stjórn Byggðastofnunar árlega skilgreina mikilvægustu verkefni sín, markmið og stefnu stofnunarinnar og gera starfsáætlun um störf sín. Í þessari starfsáætlun eru sett niður þau föstu verkefni sem stjórn Byggðastofnunar skal taka fyrir á fundum sínum samkvæmt reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar og lagafyrirmælum, en einnig önnur verkefni og upplýsingagjöf um stöðu ýmissa verkefna sem Byggðastofnun hefur með höndum. Þetta er ekki tæmandi listi og getur tekið breytingum en gert er ráð fyrir því að á fyrsta fundi nýrrar stjórnar eftir ársfund skuli forstjóri leggja fram tillögu að dagsetningum og fundarefni stjórnarfunda til næsta ársfundar ásamt staðsetningu fundanna.

Á öllum fundum stjórnar er gert ráð fyrir að fjallað sé um framfylgd starfsáætlunar og að lagt sé fram bráðabirgðauppgjör á rekstri stofnunarinnar um síðustu mánaðarmót til kynningar. Þá skulu ávallt lagðar fram fundargerðir lánanefndar og þau lánamál sem lánanefnd vísar til stjórnar til afgreiðslu.

Gert er ráð fyrir að forstöðumenn allra sviða stofnunarinnar sitji að jafnaði stjórnarfundina og starfsfólk stofnunarinnar komi inn á stjórnarfundi eins og tilefni er til.

6.1 Efni á dagskrá stjórnarfunda

Janúar

- Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Skýrsla regluvarðar lögð fram og erindisbréf regluvarðar endurnýjað.
- Árangursmat á störfum stjórnar.

Febrúar

- Endurskoðun á reglum um störf stjórnar.
- Kynning á útlánum ársins á undan.
- Kynning á starfsemi og verkefnum atvinnuþróunarfélaganna.
- Staðsetning og fundarefni ársfundar ákveðið.
- Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis lögð fram.
- Skýrsla persónuverndarfulltrúa lögð fram.

Mars

- Ársreikningur lagður fram til samþykktar. Innri og ytri endurskoðendur koma á fundinn og fara yfir sína vinnu. Fjallað um skýrslu endurskoðunarnefndar.
- ICAAP skýrsla næstliðins árs lögð fram til samþykktar.
- Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar.
- Samanburður á orkukostnaði - til kynningar.

Apríl

- Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar lögð fram til kynningar.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar þriðja hvert ár.

Maí

- Kynning á starfsemi stofnunarinnar og regluverki sem um stofnunina gildir fyrir nýtt fólk í stjórn.
- Starfsáætlun stjórnar fyrir næstu 12 mánuði staðfest og fundartímar og staðsetning stjórnarfunda fram að næsta ársfundi.
- Endurskoðun á starfsreglum endurskoðunarnefndar.
- Kosning í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til næstu 12 mánaða.

Júní

- Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar.
- Umræður um vaxtakjör Byggðastofnunar.

Júlí

- Enginn fundur haldinn.

Ágúst

- 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar lagt fram til samþykktar.
- Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.

September

- Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar lögð fram til kynningar og umræðu.
- Brothættar byggðir – kynning á stöðu verkefnisins.

Október

- Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Endurskoðuð Áhættustefna Byggðastofnunar lögð fram til samþykktar.
- Kynning á aflamarki Byggðastofnunar.
- Kynning á fullnustueignum Byggðastofnunar.
- Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar.

Nóvember

- Drög að rekstrar- og starfsáætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til kynningar.
- Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp komandi árs lögð fram til kynningar.
- Kynning á fullnustueignum Byggðastofnunar
- Endurskoðun á stefnu Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Desember

- Rekstrar- og starfsáætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til samþykktar.
- Umræður um vaxtakjör Byggðastofnunar.